

Ég andmæli áformum um álagningu veggjalda eins og þær koma fram í forsendum meiri hluta Umhverfis- og samgöngunefndar.

Ég og mín fjölskylda búum austan Selfoss og sækjum þrjú vinnu í bænum á mismundandi tímum og dögum, alla daga ársins. Nú þegar er gjaldtaka af bifreiðum í hæstu hæðum og ekki á bætandi. Það stendur líklega ekki til að fella niður aðra skatta af bifreiðum eða hvað. Ef ég man rétt þá voru bifreiðagjöld “ tímabundin gjöld”.

Því miður treystum við kjósendur ykkur þingmönnum ekki og þegar verið er að tala um einhvern 100 eða 150 kall þá held ég að það sé nú bara meðan verið er að selja lýðnum hugmyndina.

Ég og mínir mótmælum öll frekari gjaldtöku (skattlagningu).

Bestu kveðjur / best regards

Sigurvaldi R. Hafsteinsson